

Berist til sveitarstjórnar Djúpavogshrepps

Bakki 1,

765 Djúpavogi

Efni: Umhverfismál.

Ég get ekki orða bundist um ástandið hjá mörgum fyrirtækjum og sveitarfélaginu vegna umgengni í okkar fall-ega byggðarlagi.

Svo virðist sem mörg fyrirtæki á staðnum séu algjörlega búin að missa tökin á umgengni. Það hefur orðið til þess, að á lóðum og nánasta umhverfi þeirra hefur safnast upp rusl af ýmsum toga. Þessi ruslasöfnun á einnig við um svæði sem heyra undir sveitarfélagið. Sem dæmi um rusl og óþrifnað má nefna bílhræ sem eru víða í sveitarfélaginu á lóðum og opnum svæðum og hafa staðið þar mörg hver árum saman. Í næstum hverri götu hér á Djúpavogi eru númerslausir bílar.

Það er rík ástæða að láta fjarlægja þessa bíla vegna slyshættu, olíu leka og umhverfislýti sem hlýst af þessu.

Þó að það sé misskilningur hjá mörgum af eigendum þessara bíla að í lagi sé að geyma þá á einkalóð þá vil ég benda á að heimild sé hjá Heilbrigðiseftirliti að láta fjarlægja farartæki á einkalóð á kostnað eigenda að undangenginni viðvörun. Fallið hefur dómur vegna farartækja á einkalóð.

Mikilvægt er að sveitarstjórn hafi skýra stefnu í umhverfismálum og fylgi henni eftir. Sérstaklega á þetta við, að mínu mati þar sem við kennum okkur við Cittaslow og viljum fylgja þeirri stefnu í hvívetna.

Í Umhverfisstefnu sveitarfélagsins og stefnu núverandi sveitarstjórnar.

Djúpavogshreppur er Cittaslow sveitarfélag og er þekktur fyrir að vera vinalegur og vistvænn.

“Umhverfisstefna sveitarfélagsins er metnaðarfull, náttúra þess einstök og möguleikar til útivistar og heilsuræktar fjölbreyttir.

Við erum stolt af því að vera eina Cittaslow sveitarfélagið í landinu. Markmið Cittaslow er að auka lífsgæði og ánægju fólks með því að veita hnattvæðingu, einsleitni og hraðaáráttu í borgum og bæjum nútímans viðnám.”

“Með því að sýna gott fordæmi viljum við leggja okkar af mörkum með áherslu á endurnýtingu, endurvinnslu og leita stöðugt leiða til að draga úr sóun og hvetja fyrirtæki og íbúa til þess sama. Skipulag umhverfis á að veita tækifæri til að efla lýðheilsu og hreyfingu.

að lögð verði sérstök áhersla á að allt umhverfi í sveitarfélaginu sé snyrtilegt og fyrirtæki og einstaklingar verði hvattir til að huga að umhverfi sínu.”

Verum fyrirmyndarsamfélag í umhverfismálum þar sem allir bæjarbúar verði stoltir af sínu bæjarstæði.

Virðingarfyllst,

Ester Sigurðardóttir

Varða 15,

765 Djúpavogi.

Ps.

Ákvað að senda með nokkrar myndir sem ég hef tekið á ferðum mínum um þorpið.

















